

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 4. maí 2022
Málsnúmer: 202203-0065
SS/LA/BK

Efni: Umsögn um matsskyldu skólphreinsistöðvar á Djúpavogi.

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 31. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um það hvort framkvæmd um byggingu skólphreinsistöðvar á Djúpavogi beri að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og telur að umfang framkvæmdar kalli ekki á fullt mat á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun vill engu að síður koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Skólphreinsistöðin verður staðsett á lítt röskuðu náttúruverndarsvæði. Langitangi er innan hverfisverndarsvæðis, en Búlandsnes er undir hverfisvernd m.a. sökum þess að svæðið er talið vera tiltölulega óröskuð landslagsheild þar sem finna megi fjölbreytta náttúru, tegundaríkt fugla- og dýralíf, ríkulega menningarminjar og mikið fræðslugildi. Í dag eru litlar mannvistarleifar á tanganum og landslagsheildin að mestu með náttúrulegt yfirbragð. Uppbyggingin felur því í sér umtalsverða breytingu á landnotkun og rýrir óneitanlega verndargildi svæðisins.

Framkvæmdin eins og henni er lýst er ekki stór að sniðum. Ekki er um eiginlega byggingu að ræða heldur niðurgrafinn gám sem hreinsibúnaður verður staðsettur í. Gámurinn er lífill og ásýndaráhrif þar að auki takmörkuð. Rætt er um að einingin verði færanleg. Þýðir það að hún verði færð til? Þetta hefði mátt útskýra betur.

Aðkomuvegurinn verður sýnilegasti hluti framkvæmdarinnar. Mjög mikilvægt er að reynt sé að sneiða fram hjá votlendi eins og hægt er þegar endanleg lega vegarins er ákvörðuð til að hlífa viðkvæmum og verðmætum vistgerðum og búsvæðum fugla og smádyra.

Legu skólplagnar frá byggð að hreinsistöðinni liggur að hluta meðfram vegi en ekki allan tímann. Til að draga úr raski ætti að horfa til þess að lega lagnarinnar sé sem mest í samfellu við legu aðkomuvegarins.

Útrásin verður í 135 metra langri plastlög. Náttúrufræðistofnun veltir fyrir sér hvort það sé nægilega löng lög þar sem hún endar í opinni vík sem er að hluta til í skjóli frá Langatanga og skerjum við Selhjalla. Lengri lög myndi tryggja að hreinsað skólþ myndi þynnast fyrir og betur og draga úr líkum á mögulegri mengun á fjörusvæðum. Þá mætti betur skýra hvernig straumar á þessu tiltekna svæði virka. Vísað er í straummælingar í Svarthamarsvík en hún er nokkuð innar í Berufirði og tilheyrir öðru vatnshloti. Þá hafa vindar áhrif en ekki er fjallað um hver ríkjandi vindátt er á svæðinu. Almenn má rökstyðja betur hvers vegna þessi staðsetning er talin heppilegust fyrir skólphreinsistöðina með tilliti til strauma og vatnsskipta.



Fara þarf varlega í að grafa lögnina í malarkambinn sem skilur að Bóndavörðuvatn frá sjó. Rof í malarkambi getur valdið vandræðum (sjávarrofi) ef ekki er gengið almennilega frá honum.

Forðast ætti framkvæmdir á varptíma en mikið fuglalíf er á svæðinu t.d. er vitað um varp flórgoða, lóms, álftar o.fl. tegunda við Bóndavörðuvatn.

Náttúrufræðistofnun telur byggingu hreinsistöðvarinnar mjög jákvætt skref til að bæta hreinsun á skólpi frá Djúpavogi en vegna staðsetningar á óröskuðu verndarsvæði þarf að vanda mjög til verka við framkvæmdina. Nýtta ætti staðargróður við frágang.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

